

# Viðbragðsáætlun Fjölbrautaskóla Suðurnesja

## Vegna COVID-19 smits eða gruns um smit

21. ágúst 2020 – starfsfólk

1. **Veikindi.** Starfsmaður verður veikur. Fer í COVID-19 próf sem reynist jákvætt.
2. **Smitrakningarteymi** hefur samband við þann sem hefur smitast og eftir atvikum við skólameistara. Starfsmaður upplýsir um aðstæður í skólanum og samskipti sín við aðra á tilgreindu sóttvarnarsvæði. Starfsmaður hefur samband við skólameistara og upplýsir um stöðu mála.
3. **Tímabil sóttkvíar.** Smitrakningarteymi gefur upp það tímabil sem miða á við og er þá gengið út frá reglunni: Innan 48 klst og innan 2 metra í meira en 15 mín. Með þeim smitaða. Sóttkví er 14 dagar frá útsetningu fyrir smiti. Miðað er við 24 klst. áður en fyrstu einkenna varð vart. Ef um engin einkenni er að ræða er miðað við 48 klst. frá sýnatöku.

Dæmi: A fær einkenni 11. ágúst en greinist með COVID-19 þann 13. ágúst. Hann hittir B þann 10. ágúst og þeir unnu saman. B fer þá í 14 daga sóttkví frá 1. ágúst.

4. **Úrvinnslusóttkví.** Ef vafamál um um gengni eða samneyti starfsfólks koma upp þá er engin áhætta tekin heldur svæði lokað tímabundið. Svokölluð úrvinnslusóttkví stendur yfirleitt þangað til búið er að rekja smit aða niðurstöður sýnatöku liggja fyrir.

Mikilvægt er að starfsfólk haldi sig heima og mæti ekki til vinnu ef það byrjar að finna fyrir einkennum. **Helstu einkenni COVID-19** minna á venjulega flensu: Hiti, hósti, bein- og vöðvaverkir og þreyta. Meltingareinkenni (kviðverkir, ógleði/uppköst, niðurgangur) eru ekki mjög áberandi með COVID-19 en eru þó þekkt.

Ef fyrrnefnd einkenni koma upp hjá þér eða fjölskyldu þinni hvetjum við þig eindregið til að hafa samband við heilsugæslu, netspjallið á Heilsuvernd.is eða vaktsíma 1700 með ofangreindar upplýsingar

### Einstaklingur fer í sóttkví ef hann:

- Hefur umgengist fólk sem svo greinist með COVID-19.
- Hefur verið á ferðalagi á skilgreindum áhættusvæðum.

Leiðbeiningar til framlínustarfsmanna má finna á neðangreindri vefslóð:

[https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38919/Lei%C3%B0beiningar-framl%C3%ADnustarfmenn%2010032020\\_KSJ-IM.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38919/Lei%C3%B0beiningar-framl%C3%ADnustarfmenn%2010032020_KSJ-IM.pdf)

Á öðrum tungumálum hér: <https://www.landlaeknir.is/koronaveira/english/>

Leiðbeiningar um hvað felst í sóttkví má finna á vef embættis landlæknis og á [www.covid.is](http://www.covid.is)

